

Fundargerð

196. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn kl. 13.30 þriðjudaginn 7. nóv. 2017 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.

2. Fráveitumál í Mývatnssveit; staða mála

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi gerði grein fyrir svörum og upplýsingum þriggja aðila í Mývatnssveit um stöðu úrbóta í fráveitumálum. Jarðböðin hafa til skoðunar hvort mögulegt er að áfangaskipta úrbótum, óvissa er um áætlaðan fjölda persónueininga vegna ferðaþjónustu og fiskvinnslu á Geiteyjarströnd 2 og Landgræðsla ríkisins hefur óskað eftir fresti út febrúar 2020 til þess að koma upp hreinsivirki vegna þjónustumiðstöðvar við Dimmuborgir. Heilbrigðisnefnd hafnar beiðni Landgræðslu ríkisins um frest út febrúar 2020 og leggur áherslu á að komið verði upp tilskyldu hreinsivirki vegna þjónustumiðstöðvar í Dimmuborgum fyrir 17. júní 2018. Í þessu sambandi er m.a. vísað til álits Umhverfisstofnunar um mikilvægi þess að úrbætur í fráveitumálum í Mývatnssveit verði settar í forgang.

3. Vatnsvernd í Hlíðarfjalli

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá endurskoðun Norðurorku á viðbragðsáætlunum og áhættumati á vatnsverndarsvæðum og viðbrögðum við neyðarástandi. Þessi yfirferð hefur enn frekar en áður sýnt fram á mikilvægi vatnsbólanna í Hlíðarfjalli og á Glerárdal. Í þessu sambandi er m.a. horft til mikilvægi þess að lágmarka líkur á mengun vegna umferðar snjótroðara á vatnsverndarsvæðum.

Heilbrigðisnefnd gerir kröfu til þess að frá og með 1. janúar 2018 verði eingöngu notaðir snjótroðarar sem eru búnir lífrænni glussaolíu eða annarri sambærilegri eða betri tækni m.t.t. mengunarvarna á þeim hluta skíðagöngubrautar sem er á nærsvæði Hesjuvallalinda í Hlíðarfjalli.

4. B. Jensen ehf, brennsluofn; staða mála

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá stöðu mála. Rekstraraðili hefur staðfest að brennsluofn B. Jensen ehf er ennþá í notkun, þrátt fyrir að heilbrigðisnefnd hefur hafnað B. Jensen ehf um endurnýjun á starfsleyfi.

Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja málinu eftir og beita eftir atvikum þvingunarúræðum skv. VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að stöðva rekstur brennsluofns á núverandi stað, með aðstoð lögreglu ef með þarf.

5. Væntanlegur fræðslufundur heilbrigðisfulltrúa; kynning

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi skýrði frá árlegum fræðsludögum heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa, sem verða haldnir í Reykjavík dagana 14. og 15. nóv. n.k.

Umsagnir:

1. Deiliskipulag smávirkjunar við Dreka

Porkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti jákvæða umsögn.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 7 Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Samþykkt með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum.**
2. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 7a Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Samþykkt með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum.**
3. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 8 Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Samþykkt með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum.**
4. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 8 a Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Samþykkt með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum.**
5. Eldá ehf, kt. 450479-0559, 660 Mývatn Helluhraun 9 Flokkur II Gististaður án veitinga. Endurnýjun. **Samþykkt með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum.**
6. Vogar, ferðaþjónusta ehf, kt. 440692-2229 Vogum 660 Mývatn fl. II gististaður án veitinga. **Samþykkt með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum og fyrirvara um lokaúttekt.**
7. Vogar, ferðaþjónusta ehf, kt. 440692-2229 Vogum 660 Mývatn fl. Umfangslitlir áfengisstaðir. **Samþykkt með fyrirvara um úrbætur í fráveitumálum og fyrirvara um lokaúttekt.**
8. Saltvík ehf, kt. 500605-0220, Saltvík, 641 Húsavík fl.II Gististaður með veitingum, ekki áfengisveitingum. **Samþykkt til 12 ára.**
9. Ásbyrgi ehf, Ævar Ísak Sigurgeirsson, kt. 220861-5549 Veitingastaður fl. II. Umfangslítill veitingastaður og verslun. **Samþykkt til 12 ára.**
10. Þverá Golf ehf., kt. 680502-3150, Þverá, 601 Akureyri. Efnisnám á vatnsverndarsvæði í Hörgá. **Samþykkt til 1. árs.**
11. Guðný Rut Bragadóttir kt. 0306795479, Vættargil 16, 603 Akureyri, sækir um flutning fyrir „Snyrtistofu Guðnýjar Rutar“ út Vættargili 16, í Orkulund í Kaupangi við Mýrarveg, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
12. Odont slf. Kt. 5412100670, fyrir tannlæknastofna Odont, Gísli Einar Árnasonar, á 2. hæð Glerártorgs, Gleráreyrum, á Tannlæknastofu Akureyrar. **Samþykkt til 12 ára.**
13. Halldór G. Halldórsson ehf. Kt. 570992-2019, fyrir tannlæknastofu Halldórs G. Halldórssonar, á 2. hæð Glerártorgs, Gleráreyrum, á Tannlæknastofu Akureyrar. **Samþykkt til 12 ára.**
14. Heil tönn ehf. Kt. 560609-1400, fyrir tannlæknastofuna Heil tönn, á 2. hæð Glerártorgs, Gleráreyrum, á Tannlæknastofu Akureyrar. **Samþykkt til 12 ára.**

15. Guðrún Rut ehf. Kt. 540598-2749, fyrir tannlæknastofu Guðrúnar Rutar, á 2. hæð Glerártorgs, Gleráreyrum, á Tannlæknastofu Akureyrar. **Samþykkt til 12 ára.**
16. Rakari 600 ehf, kt. 691216-0120, Hafnarstræti 88, 600 Akureyri, fyrir rakarastofu í Hafnarstræti 88. **Samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.**
17. Sigríður Árnadóttir kt. 250883-4639, Ártúni, 621 Dalvík, fyrir hársnyrtistofunn Klippikofann, Ártúni, 621 Dalvík. **Samþykkt til 12 ára.**
18. Blágrýti ehf, kt. 571016-0870, Hafnarbraut 5, 600 Dalvík, eldhús og veitingaþjónusta. **Samþykkt til 12 ára.**
19. Smámunir ehf, kt. 430903-2170, útleiga á íbúð nr. 403 að Hafnarstræti 100, 600 Akureyri. **Samþykkt til 12 ára.**
20. Garún Akureyri ehf kt. 700910-0750, Kotabyggð 15 og 16, 601 Akureyri, gistiþjónusta í frístundahúsum (Viking Cottages & Apartments). **Samþykkt til 12 ára.**
21. Tærgesen ehf, kt. 411209-0830, Heiðarbyggð 21 og 22, 601 Akureyri, gistiþjónusta í frístundahúsum. **Samþykkt til 12 ára.**

Önnur mál:

1. María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá fundi með Akureyrarbæ um ólögmeta urðun á ýmiss konar úrgangi við Glerárós.
2. Þórey Agnarsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá breytingum á reglugerð um hollustuhætti, sem heimilar að uppfyltum skilyrðum að fara með hunda og ketti inn á veitingastaði.
3. María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi skýrði frá námi sínu í skipulagsfræðum við Landbúnaðarháskólann á Hvanneyri. María sinnir náminu meðfram sinni vinnu í launuðu leyfi.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.30

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Lára Halldóra Eiríksdóttir

Þorkell Björnsson

Guðmundur Smári Gunnarsson

Þórey Agnarsdóttir

Hólmfríður G. Jónsdóttir

María Markúsdóttir

Kristín Halldórsdóttir

Benedikt Kristjánsson